



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 20. desember 2015
Tilv.: IRR15120164/6.17.5

Löggildingarskjal

Aðeins löggilt ættleiðingarfélög mega hafa milligöngu um ættleiðingar. Með milligöngu er átt við starfsemi sem hefur þann megintilgang að koma á sambandi milli þeirra sem óska eftir að ættleiða erlent barn og stjórnvalda og annarra opinberra aðila og löggiltra ættleiðingarfélaga í heimalandi barns og að öðru leyti að láta í té það liðsinni sem nauðsynlegt er til þess að af lögmætri ættleiðingu geti orðið, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999.

Starfsemi er varðar ættleiðingar erlendra barna skal ávallt hafa að leiðarljósi það sem telja verður að sé barni til gagns og má ekki verða neinum fjárhagslega eða á annan hátt til óhæfilegs ávinnings, sbr. 3. mgr. 35. gr. Brot gegn ákvæðum 35. gr. varða sektum, sbr. 4. mgr. ákvæðisins.

Löggilt ættleiðingarfélag, sem hefur milligöngu um ættleiðingar barna frá ríkjum sem eru aðilar að Haagsamningnum um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingar milli landa frá 1993, skal einungis vinna að ófjárhagslegum markmiðum samkvæmt þeim skilmálum og innan þeirra marka sem kveðið er á um í lögum eða ákveðin eru af ráðuneytinu. Félagið skal hafa stjórnendur og starfsmenn sem eru hæfir hvað siðferðiskröfur og menntun eða reynslu varðar til starfa á sviði ættleiðinga milli landa og lúta eftirliti ráðuneytisins hvað varðar skipulag, rekstur og fjárhag skv. 11. gr. samningsins, sbr. 34. gr. laga um ættleiðingar.


Ráðherra löggildir ættleiðingarfélög, setur reglur um skilyrði fyrir löggildingu slíkra félaga og hefur eftirlit með starfsemi þeirra, sbr. 28. og 34. gr. laga um ættleiðingar, sbr. reglugerð nr. 453/2009.

Með þessu skjali er félagið Íslensk ættleiðing löggilt til þess að hafa milligöngu um ættleiðingar barna frá Indlandi. Löggildingin gildir til 20. desember 2016.

Um starfsemi félagsins fer samkvæmt lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, og reglugerð um ættleiðingarfélög, nr. 453/2009, með síðari breytingum.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Hjaltadóttir


Hermann Sæmundsson